

## 4.6. Kynferðislegt ofbeldi á meðferðarheimilum – leiðbeiningar og reglur

Leiðbeiningar um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi (4.6.1) og reglur um viðbrögð (4.6.2.) við framburði barns og öðrum grunsemdum um kynferðislegt ofbeldi á heimilum og stofnunum á vegum ríkisins (sbr. 79. gr. bvl. 2002/80).

### Ábyrgð á reglum

Barnaverndarstofa ber ábyrgð á reglunum og því að kynna þær forstöðumönnum meðferðarheimila. Forstöðumenn heimilanna bera ábyrgð á að kynna starfsmönnum heimilanna reglurnar og fylgja þeim eftir.

Barnaverndarstofa beinir þeim tilmælum til forstöðumanna meðferðarheimila að þeir kynni sér bók **Ólafar Ástu Farestveit og Þorbjargar Sveinsdóttur; Verndum þau; Hvernig bregðast skal við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglíngum (2006)**. Bókin á að vera til á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu. Eftirfarandi texti byggir að nokkru leyti á bókinni en á það skal bent að mun ítarlegri umfjöllun er að finna þar og því rétt að forstöðumenn kynni sér efnið sérstaklega og kynni það síðan starfsmönnum.

ATH! Hægt er að leita ráðgjafar hjá starfsmönnum Barnahúss komi upp grunur um kynferðislegt ofbeldi. Einnig er hægt að falast eftir fræðslu frá Barnahúsi fyrir starfsmenn meðferðarheimila. Síminn í Barnahúsi er 530 2500. Hægt er að nálgast upplýsingar um Barnahúsið á heimasíðu Barnaverndarstofu ([www.bvs.is](http://www.bvs.is)).

### Kynferðislegt ofbeldi

Í reglum þessum er hugtakið kynferðislegt ofbeldi notað um hvers konar kynferðislegar athafnir einstaklings í garð barns hvort heldur er í orðum eða athöfnum, án þess að tæmandi sé talið svo sem óviðeigandi snerting, þukl eða káf, kynferðislegur eða klúr talsmáti eða látbragð og sífjaspell. Sá sem beitir kynferðislegu ofbeldi skeytir ekki um vilja eða líðan þess sem fyrir því verður. Flestir þeir sem beita börn kynferðislegu ofbeldi þekkja barnið t.d. í gegnum fjölskyldubönd, eru nágrannar eða gæsluaðilar barnsins. Gerandi kynferðislegs ofbeldis hefur yfirleitt stjórn á aðstæðum og hefur ýmsar aðferðir til að tryggja þagmælsku barnsins og stundum er því jafnvel talið trú um að ofbeldið sé í raun því sjálfu að kenna, sé viðurkennd hegðun o.s.frv.

#### 4.6.1 Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi

Á meðferðarheimili þar sem ríkir traust, velvild og virðing á milli fullorðinna og barna er ólíklegra að ofbeldi þrífist og líklegra að sagt verði frá ofbeldi.

Mikilvægt er að vanda til ráðninga starfsmanna því vitað er að einstaklingar sem hafa kynferðislegan áhuga á börnum/unglingum, sækja í störf þar sem börn eru til umsjár til að verða sér út um fórnarlömb. Til að draga úr líkum á því að ráðinn verði slíkur einstaklingur til starfa með börnum skal hafa eftirfarandi forvarnir í huga:

- Í fyrsta lagi er brýnt að yfirmenn stofnana séu meðvitaðir um 36. gr. barnaverndarlaga þar sem kveðið er á um rétt þeirra til að afla upplýsinga úr sakaskrá og bann við því að ráða menn sem hlotið hafa refsíðoma vegna kynferðisbrota (sjá kafla 3.1. um öflun upplýsinga úr sakaskrá). Forstöðumenn skulu því undantekningarlaust afla upplýsinga úr sakaskrá um alla starfsmenn strax við ráðningu og senda Barnaverndarstofu afrit af þeim gögnum. Leiðbeiningar þar að lútandi eru að finna í kafla 3.1.
- Í öðru lagi verða forstöðumenn að vanda vel við ráðningu nýrra starfsmanna t.d. með vel ígrunduðu viðtali við umsækjendur. Þeir verða að vera undir það búnir að spyrja jafnt út í starfsferil sem og um persónulega hagi umsækjenda sem gætu skipt máli í starfinu. Mikilvægt er að spurt sé út viðhorf viðkomandi umsækjanda t.d. til barna sem sýna kynferðislega ögrandi hegðun eða hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þá getur verið mikilvægt að spyrja út í tengsl umsækjanda við bæði börn og fullorðna.

Það getur haft góð áhrif að ræða opinskátt við umsækjanda að upp geti komið ásakanir á hendur starfsmönnum og jafnframt að spyrja hvort að umsækjandi hafi sjálfur sætt lögreglurannsókn vegna slíkra ásakana. Þá er strax í upphafi búið að gera grein fyrir því að á þessum vinnustað séu þessi mál rædd og um leið fylgst vel með. Gera má að því skóna að slík byrjun gæti fælt þá frá sem hafa óhreint mjöl í pokahorninu.

Ýmsar aðferðir eru við að taka slík viðtöl en það hlýtur að vera umfram allt mikilvægt að vera vel undirbúin t.d. með því að vera með ákveðinn spurningalista til hliðsjónar. Forstöðumenn þurfa að ígrunda vel og afla sér upplýsinga um hvernig best er að standa að ráðningaviðtölum.

- Í þriðja lagi er mikilvægt að afla meðmæla fyrri vinnuveitenda umsækjenda.

#### 4.6.2. Reglur um viðbrögð við framburði eða öðrum grunsemdum um kynferðislegt ofbeldi á meðferðarheimilum

**197.gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.:** *“Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðsjúkrahúsi, vistheimili, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefur samræði eða önnur kynferðismök við vistmann á stofnuninni varðar það fangelsi allt að 4 árum.”*

**98. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.:** *Brot umsjáraðila gagnvart barni. Ef þeir sem hafa barn í sinni umsjá misþyrma því andlega eða líkamlega, misbjóða því kynferðislega eða á annan hátt, vanrækja það andlega eða líkamlega þannig að lífi eða heilsu þess er hættu búin þá varðar það fangelsi allt að fimm árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.*

### 1. Almenn

Grunur um að börn sem eru vistuð á meðferðarheimili hafi sætt kynferðislegu ofbeldi getur beinst að aðilum ótengdum meðferðarheimilinu, starfsmönnum meðferðarheimila eða einstaklingum því tengdu eða að meðferðarfélögum (þ.e. öðru barni/unglingi). Framkvæmd reglanna tekur mið af því hverjir eiga í hlut.

Grunsemdir geta vaknað um að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi á meðan meðferðardvöl stendur án þess að barnið segi frá, t.d. vegna óviðeigandi kynferðislegrar hegðunar og/eða vanlíðunar. Í þeim tilvikum sem grunur beinist að starfsmönnum meðferðarheimila eða einstaklingum því tengdu eða að meðferðarfélögum (þ.e. öðru barni/unglingi), skal ætíð leita ráðgjafar hjá Barnaverndarstofu eða Barnahúsi og taka ákvarðanir í kjölfar þeirrar ráðgjafar.

Mikilvægt er að starfsmenn meðferðarheimila séu meðvitaðir um þá skyldu sína að tilkynna til barnaverndarnefndar hafi þeir ástæðu til að ætla að barn undir þeirra umsjá hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Ætíð er rétt að hafa hugfast að barn sem hefur sætt kynferðislegu ofbeldi á jafnan í miklum erfiðleikum með að greina frá slíkri reynslu. Kemur þar marga til, t.d. að barni finnist það sjálft beri ábyrgð á því sem komið hefur fyrir, barni þyki vænt um þann sem í hlut á og/eða óttist hugsanlegar afleiðingar þess að segja frá o.s.frv. Þá skal einnig hafa hugfast að taka ber tillit til óska og þarfa barnsins þegar það segir frá séu þær ekki í andstöðu við velferð barnsins eða stefni rannsóknarhagsmunum í hættu, m.a. með því að veita því viðeigandi tilfinningalega aðhlyningu.

Þegar barn á meðferðarheimili greinir frá kynferðislegu ofbeldi skal eftirfarandi haft til leiðbeiningar.

## 1.2. Fyrstu viðbrögð forstöðumanns/starfsmanns meðferðarheimilis gagnvart barni

- a) Ætíð taka alvarlega frásögn barns um meint kynferðisofbeldi eða áreitni.
  - b) Ekki draga frásögn barns í efa.
  - c) Láta í ljósi að óhætt sé fyrir barnið að segja frá.
  - d) Hlusta vel á frjálssa frásögn barnsins – „segðu mér meira frá því“.
  - e) Ekki yfirheyra barnið.
  - f) Fullvissa barnið um að rétt sé að segja frá.
  - g) Útskýra fyrir barni hvers vegna skylt er að tilkynna mál og að þ.a.l. sé ekki unnt að heita því fullum trúnaði.
- Þegar barn greinir frá kynferðislegu ofbeldi af hálfu aðila ótengdum meðferðarheimilinu, skal forstöðumaður/starfsmaður tilkynna málið til viðkomandi barnaverndarnefndar án tafar, sem tekur ákvarðanir um framhald málsins.
  - Þegar barn greinir frá kynferðislegu ofbeldi af hálfu starfsmanns meðferðarheimilis, einstaklingi því tengdu eða meðferðarfélaga (þ.e. annars barns/unglings) skal forstöðumaður/starfsmaður meðferðarheimilis tilkynna um frásögn barns án tafar til Barnaverndarstofu, sem sér um að málið sé tilkynnt til viðkomandi barnaverndarnefndar og forsjáraðila barns.
  - Barnaverndarstofa skal gera viðbragðsáætlun í samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd og eftir atvikum við forstöðumann meðferðarheimilis svo skjótt sem verða má. Áætlunin skal m.a. fela í sér hvort mál sé kært til lögreglu, framkvæmdar rannsóknarviðtals við barn, hvort barn skuli flutt af heimilinu og hvort starfsmanni sé vikið úr starfi á meðan rannsókn stendur.
  - Ef grunur leikur á að kynferðisbrot hafi verið framið gagnvart barni skal að jafnaði óska lögreglurannsóknar. Barnaverndarstofa og/eða barnavernd ákveða hvort barnaverndarnefnd skuli óska eftir lögreglurannsókn en jafnframt getur barnið sjálft og forsjáraðili þess tekið slíka ákvörðun.
  - Þegar barn greinir frá kynferðislegu ofbeldi inni á meðferðarheimili tekur barnaverndarnefnd ákvörðun að höfðu samráði við Barnaverndarstofu um hvort að rjúfa beri meðferð barns/barna eða halda meðferð áfram á öðru meðferðarheimili.

## 1.3. Óskað er eftir lögreglurannsókn

Sé óskað eftir lögreglurannsókn og grunur beinist að tilteknum starfsmanni meðferðarheimilis skal hann tafarlaust láta af störfum meðan á rannsókn stendur. Leiði rannsókn til ákæru skal segja starfsmanni upp starfi.

Barnaverndarstofa og forstöðumaður meðferðarheimilis meta áhrif lögreglurannsóknar á starfsemi meðferðarheimilisins þ.m.t. áhrif á starfsmannahópinn, vistun annarra barna og foreldra og grípa til aðgerða í samræmi við niðurstöður mats. Um getur verið að ræða að tilkynna barnaverndarnefndum annarra barna á heimilinu um málið, veita

aðilum máls stuðning, ákvörðun um hvort og um hvað skal upplýsa önnur börn sem eru til vistunar og foreldra þeirra eða aðra aðila sem tengjast meðferðarheimilinu þó m.t.t. til trúnaðar eins og kostur er. Barnaverndarnefnd tekur ákvörðun að höfðu samráði við Barnaverndarstofu um hvort að tjúfa beri meðferð barns.

#### **1.4. Ekki er óskað eftir lögreglurannsókn**

Upplýsingar í málinu s.s. mat á trúverðugleika framburðar barns getur leitt til þeirrar sameiginlegu niðurstöðu Barnaverndarstofu, barnaverndarnefndar og forstöðumanns að ekki sé tilefni til lögreglurannsóknar. Ákvörðun um að óska ekki eftir lögreglurannsókn eða samstarfi við lögreglu ræðst m.a. af aldri hins meinta geranda en samkvæmt almennum hegningarlögum er einstaklingur sakhæfur þegar hann hefur náð 15 ára aldri. Skal slíkt mat vera skráð og vandlega rökstutt. Skal þar jafnframt koma fram hvort ástæða sé til að grípa til annarra ráðstafana í kjölfar framburðarins, s.s. hvaða áhrif hann hefur á vistun annarra barna á heimilinu.

#### **Staðall 12. e.**

**Umsjáraðili kemur á allan máta fram sem ábyrgur uppalandi gagnvart barni á hans vegum, verndar það, vakir yfir liðan þess og bregst við þörfum þess.**